



Áhrif COVID-19 á störf og vinnuaðstæður hjá starfsfólki Háskóla Íslands

Niðurstöður spurningakönnunar til starfsfólks Háskóla Íslands á
vormisseri 2020

Skýrslugerð

Ellen Dröfn Gunnarsdóttir

Kristín Erla Harðardóttir

Umsjón með framkvæmd:

Menntavísindastofnun Háskóla Íslands



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	5
2. Gögn og aðferðir	5
3. Niðurstöður	5
3.1. Bakgrunnur.....	5
3.2 Samræming vinnu og einkalífs.....	6
3.2.1. Áhrif á heimavinnu	6
3.2.2. Vinnuaðstæður heima fyrir	7
3.2.3. Álag og streita í starfi	8
3.3. Rannsóknarvinna.....	10
3.4. Kennsla	12
3.4.1. Námsmat.....	12
3.4.2. Prófafyrirkomulag	13
3.4.3. Rafræn kennsla og tæknaðstoð.....	14
3.4.4. Framtíðaráhrif breytinga á kennslu	16
4. Viðbrögð Háskóla Íslands við COVID-19 faraldrinum	17
5. Samantekt.....	18
6. Heimildaskrá	19

Myndir

Mynd 1. Umönnun barna.....	7
Mynd 2. Heimavinna.	8
Mynd 3. Streita í starfi.	9
Mynd 4. Álag í starfi.	10
Mynd 5. Áhrif samkomubannsins á rannsóknarvinnu.	11
Mynd 6. Áhrif samkomubannsins á kennslu.	12
Mynd 7. Reynsla kennara af rafrænni kennslu.	15
Mynd 8. Aðstoð við tæknimál.	16
Mynd 9. Framtíðaráhrif breytinga vegna samkomubannsins á kennslu.	17
Mynd 10. Viðbrögð Háskóla Íslands við COVID-19 faraldrinum.....	18

1. Inngangur

COVID-19 faraldurinn hefur haft mikil áhrif á allt skólastarf á Íslandi, sérstaklega eftir að fyrsta samkomubannið var sett á þann 16. mars 2020. Í kjölfarið fór nánast öll kennsla í framhalds- og háskólum fram á netinu og fólk var hvatt til að vinna heima. Í sumum tilfellum mætti fólk á vinnustað en fylgdi fyrirmælum um „söttvarnarhólf“ en þá var starfseiningum skipt niður í smærri hópa. Samkomubannið hafði veruleg áhrif á starfsemi Háskóla Íslands þar sem um 1650 manns störfuðu og rúmlega 13000 nemendur stunduðu nám á vormisseri 2020 (Lykiltölur, Háskóli Íslands 2020). Í lok maí 2020 sendi Menntavísindastofnun Háskóla Íslands út spurningakönnun til alls starfsfólks HÍ í þeim tilgangi að kanna áhrif samkomubannsins á störf og vinnuaðstæður. Lögð var áhersla á að kanna samhæfingu einkalífs og atvinnu, álag, vinnuaðstæður, rannsóknarvinnu, kennslu og álit á viðbrögð HÍ við faraldrinum. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar.

2. Gögn og aðferðir

Könnunin var send í tölvupósti á 1732 starfsmenn HÍ þann 27. maí 2020. Alls bárust 715 svör sem gerir 41% svarhlutfall. Samtals voru 78 spurningar í könnuninni, en sumar spurningar beindust að kennslu og rannsóknum og því þurftu ekki allir svarendur að svara þeim öllum. Fjöldi svarenda við hverri spurningu var því nokkuð breytilegur. Könnunin var send út í forritinu Qualtrics. Úrvinnsla svara fór fram í tölfræðiforritinu R, Excel og SPSS.

3. Niðurstöður

3.1. Bakgrunnur

Um 17% svarenda störfuðu á Heilbrigðisvísindasviði (HVS) og Verkfræði- og náttúruvísindasviði (VoN) (n=124, n=125), um 15% á Menntavísindasviði (MVS) og Félagsvísindasviði (FVS) (n=100, n=109) og 10% (n=71) á Hugvísindasviði (HUG). Hlutfall svarenda í miðlægri stjórnsýslu var 17% (n=122) og 4% (n=31) á Raunvísindastofnun. Rétt tæplega 40% svarenda voru fastráðnir akademískir starfsmenn og það sama á við starfsmenn í stoðþjónustu eða stjórnsýslu (n=265, n=279). Rúmlega 20% svarenda voru aðjúnktar, nýdoktorar eða doktorsnemar á samningi (n=55, n=28, n=60). Flestir svarendur höfðu lokið doktorsprófi (45%, n=305) eða meistaraþrófi (40%, 272) og 10% (n=69) höfðu lokið bakkalárprófi. Konur voru 62% svarenda (n=418) og flestir voru á aldrinum 40-59 ára (52%, n=355). Starfsaldur 40% svarenda var yfir 10 ár (n=267), hjá 15% var hann 6-10 ár

(n=15), tvö til sex ár hjá 28% svarenda (n=191) og 0-2 ár hjá 17% svarenda (n=116). Langflestir voru í 100% starfshlutfalli, eða 80% (n=534).

3.2 Samræming vinnu og einkalífs


Þegar samkomubann var fyrst sett á þann 16. mars 2020 þurfti flest starfsfólk að sinna vinnu sinni heima. Aðstæður heima fyrir voru mjög ólíkar, bæði hvað varðar aðbúnað og vinnufrið. Barnafólk þurfti til dæmis að sinna börnum sem ekki gátu komist í leikskóla eða skóla vegna skertrar starfsemi þeirra. Áhersluatriði í þessum þætti voru því umönnun barna eða annarra, aðbúnaður heima fyrir og áhrif þess á vinnuna og vinnuafköst.

3.2.1. Áhrif á heimavinnu

Þegar spurt var um hjúskaparstöðu sögðust 78% vera í sambúð/hjónabandi (n=528). Meirihluti sagðist vera með börn á heimilinu (54%, n=363) og algengast var að þau væru eitt eða tvö (n=112, n=151). Flestir svarendur voru með börn á grunnskólaaldri á heimilinu (55%, n=337), 17% (n=105) með barn/börn á leikskólaaldri og 28% (n=171) með barn/börn á framhaldsskólaaldri. Af þeim sem áttu börn í leik- og grunnskóla sögðu 58% (n=328) að börnin hefðu að hluta til farið í skólann á tímabilinu 16. mars til 4. maí og 38% (n=97) sögðu að þau hefðu ekkert farið í skólann.

Á mynd 1 má sjá að eftir að samkomubannið var sett á sögðust um 30% svarenda (n=101) verja meira en 6 klukkustundum á dag í umönnun barna á mótí 6% svarenda (n=21) fyrir samkomubannið. Það er ljóst að ef rúmlega 6 klukkustundir fara í umönnun barna á dag, þá er lítill tími eftir til að sinna vinnu.

Svarendur voru beðnir um að lýsa einum vinnudegi í samkomubanni og 423 svör bárust við spurningunni. Sérstök skýrsla verður gerð um þessi svör og verður hún birt á heimasíðu Menntavísindastofnunar í lok árs 2020. Þar kom fram að þeir sem voru með börn á heimilinu lýstu gríðarlegu álagi sem því fylgdi. Sum börn fóru lítið í skólann, jafnvel ekki neitt í einhvern tíma. Flest barnafólk var með maka á heimilinu og virtist umönnun barna vera nokkuð jafnt skipt á milli foreldra. Í svörunum var ljóst að margt barnafólk reyndi að sinna vinnu nánast á öllum vökustundum sólarhringsins: „Útstimplun var hins vegar meira á reiki þegar unnið var heima og skilin ekki nærri eins skörp. Var að fylgjast með pósti fram eftir kvöldi, sem ég geri annars ekki, sem var kannski að hluta til vegna samviskubits yfir að hafa ekki verið að vinna af krafti yfir daginn“. Frekari niðurstöður verða birtar í skýrslu á vef Menntavísindastofnunar.




Mynd 1. Umönnun barna.

Hvað fór mikill tími (í klukkustundum) í umönnun/aðstoð barns/barna daglega að meðaltali þá daga sem þú varst ekki í fríi fyrir samkomubann (16. mars) (vínrautt) og eftir samkomubann (ljós-vínrautt)?

3.2.2. Vinnuáætlun heima fyrir

Helmingur allra svarenda vann alfarið heima í samkomubanni 16. mars til 4. maí (n=327) og 11% (n=71) héldu áfram að vinna alfarið heima eftir bannið. Áætlun heima fyrir voru mjög misjafnar, til dæmis sögðust 34% (n=213) ekki vera með herbergi þar sem hægt væri að fá vinnufrið. Að sama skapi sögðust 14-24% svarenda sig vanta skrifborð, skrifborðsstól, auka tölvuskjá og lyklaborð heima.

Heimavinnan gekk misvel og það sem hafði mest áhrif var börn á heimili og starfsaðstaða. Starfsfólki með börn gekk verr að vinna heima en öðrum eins og sjá má á mynd 2. Um 80% starfsfólks án barna sagði að það hefði gengið vel eða nokkuð vel að vinna heima en undir 60% þeirra sem voru með börn á heimilinu. Það er athyglisvert að lítill kynjamunur er á hvernig starfsfólki gekk að vinna heima, og má því draga þá ályktun að barnaumönnun hafi lent nokkuð jafnt á herðum foreldra óháð kyni.



Mynd 2. Heimavinna.


Hvernig gekk að vinna heima á meðan háskólinn var lokaður í samkomubanni? Svör flokkuð eftir því hvort starfsfólk var með börn á heimilinu eða ekki. Með og án barna á við hvort svarendur voru með börn á heimili sínu.

Almennt sagðist fólk vinna fleiri vinnustundir þegar háskólinn var lokaður í háskólabanni, eða um 36% (n=230) en 23% (n=152) sögðust vinna færri vinnustundir miðað við áður. Að sama skapi svöruðu 31% (n=200) að þeir hefðu komið meira í verk á sama tíma og aðeins 13% (n=81) að þeir hefðu komið minna í verk. Munur var á svarendum með og án barna á heimilinu hvað þetta varðar, en um 36% barnafólks sögðust hafa komið minna í verk á móti um 20% barnlausra.

3.2.3. Álag og streita í starfi

Svarendur með börn á heimilinu voru líklegri til að finna fyrir álagi og streitu á þessum tíma. Á mynd 3 má sjá að 54% kvenna með börn á heimilinu fundu fyrir mun meiri eða nokkuð meiri streitu miðað við áður og 46% karla með börn. Hjá barnlausum var þetta hlutfall lægra, eða 41% hjá konum og 36% hjá körlum. Hins vegar sögðust tæp 30% kvenna með og án barna og barnlausir karlar finna


fyrir nokkuð minni eða mun minni streitu en áður, en aðeins 19% karla með börn. Það er því nokkuð stórt hlutfall svarenda sem upplifði minni streitu en áður og er það athyglisvert.



Mynd 3. Streita í starfi.

Fannst þú fyrir meiri eða minni streitu í starfi á meðan háskólinn var lokaður í samkomubanni?

Þegar spurt var hvort álag í starfi hefði breyst var nokkur munur á barnafólki og barnlausum. Á mynd 4 má sjá að tæp 50% barnafólks sögðu að álagið hefði aukist á þessum tíma á mótí 38% hjá barnlausum konum og 30% hjá barnlausum körlum. Álagið stóð mest í stað hjá barnlausum körlum (46%) og minnkaði sömuleiðis mest hjá þeim (20%) á mótí 11-15% hjá barnlausum konum og barnafólki.




Mynd 4. Álag í starfi.

Breyttist álag í starfi þínu á meðan háskólinn var lokaður í samkomubanni?

3.3. Rannsóknarvinna

Þegar spurt var hvort rannsóknarvinna væri hluti af starfinu svöruðu 62% (n=382) því játandi og af þeim sögðu 63% (n=241) að lokun háskólans í samkomubanni hefði haft áhrif á rannsóknarvinnuna. Lokunin hafði meiri áhrif á barnafólk, en 44% þeirra (n=83) sögðu að umönnun barna hefði haft mjög eða frekar mikil áhrif á móti 35% (n=66) barnlausra. Á mynd 5 má sjá að áhrif lokunar háskólans birtust helst í að rannsóknum seinkaði og miðlun þeirra minnkaði sökum ferðatakmarkana þar sem ráðstefnur féllu niður. Hið fyrrnefnda hafði mest áhrif á rannsakendur á HVS og VoN en hið síðarnefnda á HUG og FVS. Bannið hafði mest áhrif á aðgengi að rannsóknarvettvangi á MVS.



Mynd 5. Áhrif samkomubannsins á rannsóknarvinnu.

Hvaða áhrif hafði lokun háskólans í samkomubanni á rannsóknir þínar?

Einnig var nefnt í opnum svörum að tímaskortur hafði mikil áhrif á rannsóknir og að einbeiting var minni sökum álags hafði neikvæð áhrif á rannsóknir. Sumir nefndu að rannsóknarvinna hefði með öllu legið niðri: „Seinkaði rannsóknum“ er varlega orðað: Hið rétta er að rannsóknir lágu algerlega niðri (og þar með einnig möguleikar á auknum tekjum)“.


Samkomubannið hafði áhrif á söfnun rannsóknarstiga að mati 43% svarenda (n=168), 20% (n=77) voru ekki viss og 18% (n=70) töldu það ekki hafa áhrif. Það sem fólk nefndi helst í þessu samhengi í opnum svörum var að rannsóknum seinkaði og ráðstefnur féllu niður. Þar af leiðandi fækkaði stigum sem safnast þegar erindi eru flutt á ráðstefnum eða greinar birtar í ráðstefnuritum. Söfnun rannsóknarstiga hefur bein áhrif á launaþróun og 47% svöruðu því játandi að þeir teldu að ástandið vegna COVID-19 myndi hafa áhrif á launaþróun þeirra.

3.4. Kennsla

Alls sögðu 44% (n=272) svarenda að kennsla hefði verið hluti af starfi þeirra á vorönn 2020. Þar sem háskólinn var lokaður á tímabilinu 16. mars til 4. maí þurfti að færa kennslu í rafrænt form með nánast engum fyrirvara. Ljóst er að kennarar voru misvel í stakk búnir til þess, sumir höfðu reynslu af rafrænni kennslu á meðan aðrir höfðu eingöngu kennt í staðnámi, var þar nokkur munur eftir sviðum.

3.4.1. Námsmat

Á mynd 6 má sjá að um og yfir 90% kennara á öllum sviðum nema á HVS sögðu að kennsla hefði farið alfarið fram á netinu í samkomubanninu. Mest breyttist námsmat og prófafyrirkomulag á VoN og HVS. Á HVS var algengast að kennsla féll að hluta til niður (27% svöruðu því játandi), en minnst á FVS (9%).



Mynd 6. Áhrif samkomubannsins á kennslu.

Hvaða áhrif hafði lokun háskólans í samkomubanni á kennslu þína?

Í opinni spurningu voru svarendur beðnir að útskýra hvernig námsmatið breyttist og 115 svör bárust við spurningunni. Mest var talað um að vægi námsþátta breyttist, lokapróf urðu að heimaprófum eða munnlegum prófum og skilafrestur var lengdur. Lokun háskólans í samkomubanninu hafði augljóslega mikil áhrif á verklega kennslu, og var nefnt að í stað þess að meta verklega þáttinn fengu aðrir þættir meira vægi og verkefnum var breytt með mismunandi hætti. Margir nefndu að í stað einkunnar hefðu nemendur getað fengið staðið án einkunnar ef ákveðin skilyrði voru uppfyllt. Nokkrir nefndu að vegna tilmæla yfirstjórnar háskólans hefðu nemendur ekki þurft að standast lokapróf og því verið slegið af kröfum til nemenda. Sumir svarendur voru óánægðir með það: „Þetta leiddi til þess að nemendur sem sýndu mikinn skort á þekkingu og skilningi í prófum fengu „staðið“ upp úr námskeiðum, að mínu mati setti Háskólinn niður fyrir að útskrifa nemendur upp úr námskeiðum með litla sem enga kunnáttu“.

Kennarar nefndu einnig að þeir hefðu reynt sem best að koma til móts við nemendur með því að lengja skilafrest, sameina verkefni og stytta próf: „Dregið var úr kröfum til að mæta álagi og streitu í hópi nemenda“ og „Breyttir skiladagar verkefna. Kröfur minnkaðar“. Einnig var nefnt að nemendakynningar hefðu stundum verið felldar niður og þeir látnir gera skrifleg verkefni í staðinn eða senda inn talglærur. Þótt það sé ágæt lausn þá var nefnt að í þeim tilfellum eru engar umræður og nemendur þurfa því ekki að sitja fyrir svörum, en það telst stór hluti af kynningum. Þessum breytingum á námsmati fylgdi aukið álag á kennara við að skipuleggja breytingarnar og stundum kostuðu breytingarnar aukna yfirferð fyrir kennara:

Í stað munnlegra skila til 8 kennara í miðju misseris urðu handskrifuð skil á 175 verkefnum sem ég fór yfir alein. Í staðinn fyrir krossapróf með svarlykil sem er skannað þurfti ég ein að lesa og meta 5 ritgerðarsvör hvers nemanda. 181 nemandi tók prófið, vorum 4 sem fórum yfir prófið, fór sjálf yfir 130 svör og þurfti að samhæfa yfirferð fjögurra kennara og halda reglulega samráðsfundi.

3.4.2. Prófafyrirkomulag


Í opinni spurningu þar sem svarendur voru beðnir að lýsa hvernig prófafyrirkomulag breyttist bárust 114 svör. Langflestir sögðu að heimapróf hefðu komið í stað hefðbundinna lokaprófa sem tekin eru í byggingum háskólans. Þetta kallaði á ýmsar breytingar, einkum vegna þess að gögn voru leyfð í heimaprófunum, og kennarar töluðu um að hafa þurft að breyta prófum mikið vegna þess. Krossaspurningum var breytt í opnar ritgerðarspurningar og töldu sumir að það reyndi meira á þekkingu en utanbókarlærdóm, en þýddi jafnframt meiri vinnu fyrir kennara að fara yfir. Margir nefndu að heimaprófin hefðu verið tekin í Inspira, en sumir nefndu Canvas. Sumir kennarar höfðu

engra reynslu af að nota Inspera og tók þá tíma að læra á það, ennfremur nefndu sumir að nemendur væru óvanir Inspera og þyrftu tækniaðstoð. Þessar breytingar lögðust misvel í kennara, sumum líkaði ekki heimapróf þar sem auðveldara væri að svindla, til dæmis með samráði við aðra nemendur, en sumum fannst það jákvætt: „Í námskeiðum sem ég hef umsjón með á haustönn var ég búin að skipta yfir í rafræn próf á Inspera. Kann betur við það en handskrifuð próf og því ánægð með breytinguna.“ Í einhverjum tilfellum urðu lokapróf valkvæð, og önnur verkefni látin gilda meira í staðinn.

Til að koma til móts við nemendur vegna álags drógu sumir úr lesefni fyrir próf, stytta prófin og lengdu próftíma, en þó töluðu aðrir um að hafa stytt próftíma eða að hann hefði staðið í stað. Þetta hafði líka mismunandi áhrif á nemendur, einn kennari sagði að nemendum hefði gengið betur en áður (hvort sem ástæðan var léttara próf eða betra prófafyrirkomulag), en annar sagði að þeim hefði gengið verr: „Í einu námskeiði hafði verið hefðbundið skriflegt próf en það var fært í Inspera. Það, ásamt faraldrinum, hafði sýnileg áhrif á einkunnir nemenda sem stóðu sig afgerandi verr en nokkur fyrri nemendahópur í námskeiðinu. Sum skiluðu prófinu auðu!“ Ennfremur var nefnt að í stað þess að gefa hefðbundna einkunn fengu nemendur staðið/fallið.

3.4.3. Rafræn kennsla og tækniaðstoð


Kennarar höfðu mismikla reynslu af rafrænum úrlausnum í kennslu fyrir samkomubannið miðað við að námsmat og prófafyrirkomulag breyttist mismikið á milli sviða eins og fyrr segir. Á mynd 7 má sjá að mesta reynslu höfðu kennarar af rafrænum skilum á netinu, upptökum í kennslu, heimaprófum, rafrænum lausnum við námsmat og rafrænum prófum, en yfir 60% sögðust hafa notað þær lausnir fyrir samkomubannið. Minni reynslu höfðu kennarar af nemendakynningum, viðtalstímum og kennslustundum í rauntíma á netinu, en undir 35% sögðust hafa notað það fyrir samkomubannið. Svarhlutfall við þessum spurningum var mishátt, til dæmis svöruðu eingöngu 57 spurningu um reynslu af heimaprófum á meðan 265 svöruðu spurningu um rafrænar lausnir við námsmat.



Mynd 7. Reynsla kennara af rafrænni kennslu.

Spurt var hvort kennarar hefðu notað þessa átta þætti sem tengjast kennslu fyrir samkomubannið.

Aðstoð við tæknimál er mikilvæg fyrir kennara sem hafa minni reynslu af rafrænum úrlausnum í kennslu. Meirihluti kennara sagðist hafa fengið nægilega aðstoð við tæknimál (51-66%) og um 11-26% sögðust ekki þurfa tæknilega aðstoð (sjá mynd 8). Lægsta hlutfall kennara sem sögðust hafa viljað meiri stuðning var á VoN (6%), þrátt fyrir að hátt hlutfall kennara á því sviði segði að samkomubannið hefði haft áhrif á að námsmat (60%) og prófafyrirkomulag (71%) breyttist. Hæsta hlutfall kennara sem sagðist hafa viljað meiri stuðning var á FVS (23%) en var svipað á hinum sviðunum (fyrir utan VoN).



Mynd 8. Aðstoð við tæknimál.


Fékkst þú nægan stuðning við tæknimál sem tengjast kennslu á meðan háskólinn var lokaður í samkomubanni?

Þegar spurt var hvernig hefði gengið almennt að halda úti kennslu í samkomubanni svöruðu 75% (n=197) mjög eða frekar vel á móti aðeins 6% (n=16) sem svöruðu mjög eða frekar illa. Alls 86% (n=205) sögðu að gengið hefði mjög eða frekar vel að nýta rafrænar lausnir í kennslu á þessum tíma. Þrátt fyrir það voru það frekar kennarar sem fundu fyrir meira álagi og streitu en þeir sem ekki kenndu á vorönn 2020 í samkomubanni. Þrátt fyrir að kennslan hefði gengið vel og það ferli að færa allt kennslutengt á netið þá má ætla að aukið álag vegna tímaskorts, aukinna samskipta við nemendur og sér í lagi umönnun barna hafi ýtt undir streitu. Áhugavert væri að skoða hvernig sömu þættir höfðu áhrif á starfsfólk sem fást við kennslu á haustönn 2020 þegar meiri reynsla er komin bæði hjá kennurum og nemendum.

3.4.4. Framtíðaráhrif breytinga á kennslu

Á mynd 9 má sjá að meirihluti starfsfólks á MVS (64%, n=40) og HVS (64%, n=40) taldi mjög líklegt eða frekar líklegt að breytingarnar sem þurfti að gera á kennslu í samkomubanni myndu hafa

varanleg áhrif á kennslufyrirkomulag í framtíðinni. Hærra hlutfall starfsfólks á HUG (19%, n=8) og VoN (21%, n=11) taldi það mjög eða frekar ólíklegt en á öðrum sviðum, en svarhlutfall við þessari spurningu var þó lágt. Það má álykta að miklar líkur séu á að þær áskoranir sem starfsfólk HÍ tókst á við í samkomubanninu muni hafa varanleg áhrif á kennslu þvert á öll svið.




Mynd 9. Framtíðaráhrif breytinga vegna samkomubannsins á kennslu.

Hversu líklegt telur þú að breytingarnar sem þú hefur þurft að gera á þinni kennslu í samkomubanninu hafi varanleg áhrif á kennslufyrirkomulag þitt í framtíðinni?

4. Viðbrögð Háskóla Íslands við COVID-19 faraldrinum

Yfirstjórn Háskóla Íslands reyndi eftir fremsta megni að halda starfsfólki upplýstu um viðbrögð háskólans við faraldrinum með upplýsingaflæði á heimasíðu skólans og í gegnum tölvupósta til starfsfólks. Á mynd 10 sést að meirihluti starfsfólks var frekar eða mjög sammála því að gætt hefði verið að sóttvörnum á vinnustaðnum meðan á samkomubanni stóð, að það hefði upplifað öryggi á þessum tíma og að upplýsingar frá neyðarstjórn HÍ í tölvupóstum hefðu verið markvissar (um 78%,

n=450). Aðeins lægra hlutfall var mjög sammála eða sammála því að næsti yfirmaður hefði haldið reglulega fundi með teymi þeirra á þessum tíma (60%) og voru 26% mjög eða frekar ósammála því.



Mynd 10. Viðbrögð Háskóla Íslands við COVID-19 faraldrinum.

Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi staðhæfingum?

Meirihluti svarenda var frekar eða mjög sammála því að hafa reglulega kynnt sér upplýsingar vegna COVID-19 á heimasíðu háskólans, en 24% voru frekar eða mjög ósammála því. Almennt má því segja að starfsfólk hafi upplifað viðbrögð HÍ við faraldrinum jákvætt, þ.e.a.s. upplifði öryggi á vinnustað, taldi að 2ja metra reglan hefði verið virt og að upplýsingaflæði vegna COVID-19 hefði verið fullnægjandi.

5. Samantekt

Áhrif lokunar Háskóla Íslands vegna samkomubanns á vormánuðum 2020 voru víðtæk, bæði á störf og vinnuaðstæður starfsmanna háskólans. Samræming atvinnu og einkalífs reyndist mörgum erfið,

sérstaklega barnafólki. Samkomubannið hafði áhrif á öll skólastig, leikskólar og skólar voru sumir lokaðir í einhvern tíma og börnin þar af leiðandi heima hjá vinnandi foreldrum. Barnafólk fann fyrir meira álagi og hærra hlutfall barnafólks kom minna í verk en áður heldur en barnlausra, enda fór mun meiri tími í barnaumönnun heldur en fyrir samkomubannið. Þrátt fyrir það taldi rúmlega helmingur allra svarenda að vel eða nokkuð vel hefði gengið að vinna heima. Barnafólkið fann fyrir meiri streitu en barnlausa fólkið en tæplega helmingur allra sagðist hafa fundið fyrir mun eða nokkuð meiri streitu þegar háskólinn var lokaður í samkomubanninu. Hins vegar sagðist rúmlega fjórðungur allra svarenda hafa fundið fyrir mun eða nokkuð minni streitu en áður. Vinnuaðstæður heima fyrir voru líka mjög mismunandi, um þriðjungur starfsfólks var ekki með herbergi þar sem það gat lokað að sér og fengið næði. Einnig skorti búnað til góðrar vinnuaðstöðu heima, svo sem lyklaborð, auka skjá og skrifborðsstól.

Rúmlega helmingur svarenda taldi lokun háskólans í samkomubanni hafa haft áhrif á rannsóknarvinnu þeirra. Það dró úr rannsóknarvinnu á þessum tíma og tæplega helmingur svarenda taldi að það myndi hafa áhrif á söfnun rannsóknarstiga og launapróun. Mest taldi starfsfólk áhrif bannsins vera á miðlun rannsókna vegna ferðatakmarkana og að rannsóknum seinkaði, þó misjafnlega mikið eftir sviðum innan háskólans.

Um 44% þátttakenda sinntu kennslu á vorönn 2020 og hafði samkomubannið gríðarlega mikil áhrif á hana. Hjá langflestum færðist kennsla alfarið yfir á netið með tilheyrandi álagi fyrir bæði kennara og nemendur. Hærra hlutfall kennara á VoN og HVS sagði að námsmat og prófafyrirkomulag hefði breyst miðað við á öðrum sviðum. Vægi námsþátta breyttist og lokaprófum var breytt í heimapróf, það fól í sér breytingar sem kölluðu á aukna fyrirhöfn hjá kennurum þar sem breyta þurfti spurningum því nemendur höfðu aðgang að gögnum í heimaprófum. Meirihluti svarenda taldi að þær breytingar sem gera þurfti á kennslu á þessum tíma myndu hafa varanleg áhrif á kennslu í framtíðinni.

Almennt taldi fólk að vel hefði verið gætt að sóttvörnum á vinnustaðnum og upplifði sig öruggt. Flest starfsfólk sagðist hafa fundað með sínum nánasta yfirmanni og/eða teymi á þessum tíma. Einnig voru flestir sammála því að hafa kynnt sér upplýsingar vegna COVID-19 á heimasíðu háskólans á þessu tímabili.

6. Heimildaskrá

Háskóli Íslands. (2020). *Lykiltölur*. Sótt af https://www.hi.is/kynningarefni/hi_i_tolum.